



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Reykjavík, 13. janúar 2014

Niðurstöður athugunar hjá MP banka hf. á tilteknum þáttum í aðgerðum gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka

Hinn 10. maí 2013 hóf Fjármálaeftirlitið athugun hjá MP banka hf. Athugunin beindist að tilteknum þáttum í aðgerðum MP banka gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, sbr. lög nr. 64/2006. Í athuguninni var lögð sérstök áhersla á könnun MP banka á áreiðanleika upplýsinga um viðskiptamenn sína, reglubundið eftirlit með þeim og innri reglur bankans um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.

Niðurstöður athugunarinnar voru byggðar á upplýsingum og gögnum sem aflað var við athugunina og stöðunni eins og hún var á þeim tíma sem athugunin fór fram. Í samræmi við 9. gr. a laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi birtir Fjármálaeftirlitið niðurstöður nefndrar athugunar.

Niðurstöður athugunarinnar leiddu í ljós ákveðna hnökra við áreiðanleikakönnun lögaðila og á reglum bankans sem lagt hefur verið fyrir bankann að bæta úr. Af þeim upplýsingum og gögnum sem aflað var við athugunina og miðað við þá þætti sem teknir voru til athugunar er það mat Fjármálaeftirlitsins að framkvæmd MP banka við könnun á áreiðanleika upplýsinga um viðskiptamenn sína, reglubundið eftirlit með þeim og innri reglur bankans uppfylli almennt þær kröfur sem gerðar eru í lögum nr. 64/2006, með síðari breytingum, reglugerðum og reglum settum samkvæmt þeim og leiðbeinandi tilmælum nr. 3/2011.